



Reglur vegna útleigu íþróttasalar fyrir mannfagnaði aðra en íþróttaviðburði

- 1) Heimilt er að leigja félagasamtökum íþróttasalinn undir ráðstefnur, fundi, vörukynningar, tónleika, dansleiki og aðra mannfagnaði fyrir almenning, félagasamtök og opinberar samkomur ef annað húsnæði í bæjarfélaginu sem er til útleigu hentar ekki eða er ekki laust á þeim tíma sem sótt er um.
- 2) Leggja skal inn umsókn um leigu til umsjónarmanns Íþróttamannvirkja. Úthlutar umsjónarmaður húsinu að fengnu samþykki bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar. Ekki er tekið við umsóknum með meira en 12 mánaða fyrirvara.
- 3) Verði leiga íþróttasalar samþykkt skv. ofangreindu þarf leigutaki að gangast undir eftirfarandi skilyrði:
 - a. Leigutaki tilgreinir ábyrgðaraðila sem persónulega gengur í ábyrgð fyrir skaða og tjóni sem hugsanlega getur orðið á munum og mannvirki á leigutíma.
 - b. Leigutaki ber allan kostnað af undirbúningi, framkvæmd og frágangi vegna leigu íþróttasalar.
 - c. Strangar kröfur um gæslu sem leigutakar leggja sjálfir fram.
 - d. Starfsmaður Íþróttamiðstöðvar sé á vakt og gæti hann að undirbúningi og vörnum í sal og húsnæði til að sporna við tjóni.
 - e. Reykingar og notkun áfengis er bannað í og við íþróttahúsið. Áfengisveitingar eru heimilar í undantekningartilfellum og þarf að sækja um sérstaklega til bæjarstjórnar.
 - f. Ef áfengisveitingar eru leyfðar skulu lög og reglur um aldurstakmark vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar skulu vera í lagi.
 - g. Eftir útleigu skal umsjónarmaður Íþróttamannvirkja taka út ástand hússins og gera strax skriflegar athugasemdir ef einhverju er ábótavant. Ber leigutaka að bæta tjón sem hlotist hefur.

- 4) Gjaldskrá vegna útleigu salar til stærri viðburða.

Salarleiga

Fyrir hverja kls.	7.100
Fyrir allt íþróttahúsið í sólarhring	117.600
Fyrir allt íþróttahúsið – eina helgi	212.000
Ef vínveitingar eru leyfðar leggst 30% álag ofan á salarleigu.	
Þrifagjald maður pr. klst.	6.500

Leiga skal greidd fyrirfram.

*Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 8. desember 2022
Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri*